

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 12. júní 2018 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Hilmar Hilmarsson og Steinunn Stefánsdóttir. Þröstur Helgason mætti ekki. Jóhannes B. Sigtryggsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Frásögn af fundi með ráðherra

Sjá fg. stj. ÍM 4/2018, 2. lið. Guðrún, Ármann og Ágústa hittu Lilju D. Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, á fundi í ráðuneytinu 30. maí. Með ráðherra var Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir sérfræðingur í ráðuneytinu. Mikil ánægja var með fundinn og áhuga ráðherra á málefnum íslenskrar tungu og störfum málnefndarinnar. Á fundinum fékk ráðherra afhent *Minnisblað til ráðherra um Íslenska málnefnd og íslenska málstefnu* um atriði sem málnefndin vill leggja áherslu á á næstunni.

2. Kynning á drögum að þingsályktun

Á fundinum 30. maí greindi mennta- og menningarmálaráðherra frá því að það stæði til leggja fram á þingi *Tillögu til þingsályktunar um íslensku sem þjóðtungu Íslendinga og opinbert mál á Íslandi*. Í tillögunni eru nefnd 15 áhersluatriði sem stefnt sé að því að vinna að. Ráðherra óskaði eftir því að málnefndin segði álit sitt á drögunum og sagði að athugasemdir málnefndarinnar myndu sérstaklega nýtast í greinargerð með þingsályktuninni.

Stjórn ÍM ræddi drögin nú á fundinum og lýsti yfir ánægju með þau. Ákveðið var að samið yrði skjal, sem sent yrði til ráðuneytisins, þar sem fjallað væri um hvern lið í þingsályktunartillögunni. Jóhannesi var falið að taka saman ásamt Ágústu athugasemdir stjórnar og setja saman í grunnskjal sem borið verður undir stjórnina í tölvupósti.

3. Málræktarþing í nóvember

Sjá fg. stj. ÍM 4/2018, 1. lið. Rætt var um fyrirhugað málræktarþing í nóvember og undirbúning þess. Nær allt sem var óvíst varðandi fyrirlesara hefur skýrst.

4. Málfrægir

Hönnun nýs heftis nýrra *Málfragna* er langt komin. Sjá fyrri hefti *Málfragna* hér: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pubId=1146. Ákveðið var að birta aftast í hverju hefti síðustu ályktun um stöðu íslenskrar tungu. Formaður mun semja formála fyrir heftinu núna en meginefni þess er erindi og samantekt umræðna á þinginu *Unga fólkíð og bókmenntirnar* sem haldið var 28. febrúar 2018. Stefnt er að því að birta einnig inngangsorð Hilmar Hilmarssonar sem var fundarstjóri á þinginu.

5. Önnur mál

a) Reglur um greinarmerkjasetningu

Sjá fg. stj. ÍM 4/2018, 3. lið og stj. ÍM 10/2017, 2. lið. Guðrún og Ármann skiluðu drögum að nýjum reglum um greinarmerkjasetningu til mennta- og menningarmálaráðuneytis 12. júní á mánaðarlegum fundi í ráðuneytinu. Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir tók við reglunum og sagði að þær yrðu auglýstar sem fyrst af ráðuneytinu og fengju þar með opinbert gildi.

b) Nýjar merkingar á lögreglubílum

Jón Björgvinsson sendi tölvuskeyti til málnefndarinnar (22. maí 2018) og benti á að enska væri notuð í merkingum nýrra lögreglubíla (sjá einnig: <https://www.logreglan.is/nyjar-merkingar-a-okutaeki-logreglunnar/>). Ákveðið var að senda bréf til Ríkislögreglustjóra þar sem bent yrði á að þessar merkingar brytu í bág við lög um íslenska tungu.

c) Knattspyrnufélagið Valur

Steinunn Egilsdóttir sendi tölvuskeyti til formanns og greindi frá dæmi um að tölvupóstssamskipti við foreldra í íþróttastarfi hjá Knattspyrnufélaginu Val færu fram á ensku. Ákveðið var að senda bréf til félagsins og óska eftir nánari upplýsingum um þetta.

Fundi lauk kl. 15.40.

Guðrún Kvaran
sign.

Jóhannes B. Sigtryggsson
sign.